


Víðistaðakirkju, 15. nóvember 2015

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26/11 2015
Málsnr:	1511321
Bréfal:	324

Bæjarráð Hafnarfjarðar


Á fundi presta Þjóðkirkjusafnaðanna og Fríkirkjunnar í Hafnarfirði þann 11. nóvember 2015 var ákveðið að kirkjurnar yrðu í samstarfi vegna móttöku flóttafólks til bæjarins sem nú stendur fyrir dyrum.

Kirkjurnar geta boðið fram margþætta aðstoð, t.d. vinnuframlag sjálfboðaliða og starfsfólks við undirbúning, móttöku og stuðning við flóttafólkið í nýju umhverfi. Auk þess aðstoðu í kirkjum og safnaðarheimilum eftir því sem við á og þörf krefur. Þá geta prestur boðið upp á sálgæsluþjónustu.

Jafnframt var ákveðið að undirritaður yrði tengiliður milli presta kirknanna og þeirra aðila sem halda utan um verkefnið, þ.e. bæjaryfirvalda og Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ, sem geta þá leitað eftir aðstoð safnaðanna við framkvæmd þess.

Þessu er hér með komið á framfæri fyrir hönd sr. Kjartans Jónssonar í Ástjarnarkirkju, sr. Einar Eyjólfssonar og sr. Sigríðar Kristínar Helgadóttur í Fríkirkjunni og sr. Jóns Helga Þórarinssonar og sr. Þórhildar Ólafs í Hafnarfjarðarkirkju.

Með vinsemd og virðingu,



Bragi J. Ingibergsson
Sóknarprestur í Víðistaðakirkju